DV kannar:

Myndverk í bönkum

Vísast erum við Íslendingar orðnir svo vanir því að sjá listaverk í bankastofnunum að okkur kemur ekki til hugar að spyrja um ástæður þess að þau eru þarna uppihangandi.

Bankamönnum með öðrum þjóðum þykir hins vegar ekki alveg eins sjálfsagt að gleðja augu viðskiptavina sinna með frummyndum helstu listamanna, eins og íslenskir ferðamenn hafa eflaust orðið varir við.

Ekki er brennt fyrir að gamlir meistarar hangi á veggjum útlendra bankastjóra en í afgreiðslusölum og útibúum erlendra banka er yfirleitt látið nægja að hengja eftirprentanir eða grafíkmyndir.

Nokkuð langt er síðan íslenskir bankar hófu að kaupa listaverk og þá fyrst og fremst til skreytingar og styrktar listamönnum fremur en til fjárfestingar. Enda ekki mikil gróðavon í *íslenskri list framan af.* Gekk Landsbankinn á undan með góðu fordæmi er hann fékk Kjarval til að gera veggmynd af konum við saltfiskverkun árið 1924 og stuttu síðar málaði Jón Stefánsson sveitalífsmynd sína í afgreiðslusal bankans við Austurstræti.

Um skeið voru menntamálaráð og Landsbankinn nær einu aðilarnir sem keyptu eða pöntuðu verk af íslenskum listamönnum, þannig að óhætt er að segja að bankarnir leiki ekki ómerkt hlutverk í íslenskri myndlistarsögu.

Varðveisla menningarverðmæta

Seinna fylgdu aðrir bankar í kjölfarið en þó af nokkurri varfærni og í samræmi við efnahagsástand hverju sinni. Síðustu tvo áratugina hafa íslenskir bankar, ekki síst ríkisbankarnir, verið mjög stórtækir kaupendur listaverka og er margar lykilmyndir í íslenskri myndlistarsögu að finna innan veggja þeirra.

Hvort sem þeim líkar betur eða verr hafa bankarnir þar með tekist á hendur varðveisla menningarverðmæta með tilhlýðilegri ábyrgð.

Í þessari ábyrgð felst meðal annars upplýsingaskylda og almenn fyrirgreiðsla við þá sem stunda rannsóknir á íslenskri myndlistarsögu en til þessa hafa bankarnir verið fremur tregir að upplýsa almenning um listaverkakaup sín og eignir.

Því ber að fagna ítarlegu svari forsætisráðherra við fyrirspurn sem Finnur Ingólfsson alþingismaður lagði fram á Alþingi um listaverk í eigu ríkisbanka og opinberra sjóða fyrir skömmu.

Bað Finnur um lista yfir öll listaverk í eigu þessara aðila, áætlað markaðsverð þeirra, vinnureglur sem stuðst er við þegar listaverk eru keypt, skrásetningu þeirra og ýmislegt fleira sem of langt mál væri að rekja hér.


Í svari forsætisráðherra er tíundað listaverkaeign Iðnþróunarsjóðs, Fiskveiðasjóðs, Stofnlánadeildar Landbúnaðarins, Framkvæmdasjóðs Íslands, Seðlabankans, Búnaðarbankans, Landsbankans og Útvegsbankans (fyrir sameiningu).

Mest í Landsbankanum

Alls eiga þessar stofnanir 992 myndverk eftir rúmlega 100 listamenn, íslenska og erlenda. Af þeim eru aðeins 34 í fórum sjóðanna.


Athyglisvert er að enginn bankanna telur sig eiga ýmis „naglföst" verk innan veggja sinna, t.d. sveitalífsmynd Jóns Stefánssonar sem áður er nefnd eða vírmyndir Sigurjóns Ólafssonar í afgreiðslu Búnaðarbankans við sömu götu. Að minnsta kosti er engin þessara veggmynda á skránni.

Eins og vænta mátti á Landsbankinn flest myndverkin eða 418. Þar næst kemur Búnaðarbankinn með 351 verk
og í þriðja sæti er Seðlabankinn með



Úr afgreiðslusal Landsbankans við Austurstræti. Veggmyndin er eftir Jón Stefánsson.

DV-mynd Brynjar Gauti



140 listaverk. Útvegsbankinn rekur síðan lestina með 83 verk sem hann lagði í púkkið við sameiningu bankanna.

Í fyrirspurn sinni óskar Finnur Ingólfsson einnig eftir því að kannað sé hvort hlutafélagsbankarnir séu tilbúnir að veita upplýsingar um listaverkaeign sína „til að veita betri yfirsýn yfir hvar ýmsar bestu perlur íslenskrar listsköpunar eru niðurkomnar."

Slíkar upplýsingar mundu óneitanlega fylla upp í þá mynd af listaverkaeign íslenskra banka sem nú er lagður grundvöllur að. Er hér með skorað á hlutafélagsbankana að verða við ósk alþingismannsins.

180 milljónir

Af bönkunum fjórum gefa aðeins Seðlabanki og Útvegsbanki upplýsingar um tryggingamatsverð listaverka sinna. Samkvæmt því á Seðlabankinn verk upp á 35,1 milljón en Útvegsbankinn 9,4 milljónir eða samtals 223 listaverk á 44,5 milljónir.

Með því að margfalda þessa tölu með fjórum og áætla verðgildi listaverka í eigu sjóðanna væri niðurstaðan um 180 milljónir, sem gæti þá verið heildarmatsverð listaverka í eigu ríkisbanka og sjóða á Íslandi um áramótin 1989–90.

Ýmislegt merkilegt kemur í ljós þegar listaverkakaup bankanna eru skoðuð ofan í kjölinn. Í Seðlabankanum ákveður bankastjórnin kaup listaverka „og er þá iðulega leitað álits sérfróðra aðila, bæði að því er varðar listfræðilegt gildi verka og kaupverð," eins og segir í skýrslunni.

Í Búnaðarbankanum ákvarðar bankastjórinn einn kaup listaverka en í Landsbankanum hafa tveir menn þann starfa að „annast um myndverkaeign hans" og „gera tillögu til bankastjóra um kaup á listaverkum". Útvegsbankinn lætur ekkert uppi um það hvernig menn báru sig að þar við listaverkakaupin.

Skýrslur bankanna bera ekki vott um að menn hafi mótað sér sérstaka stefnu eða markmið í sjálfum listaverkakaupunum, enda þurfa þeir sjálfsagt að koma til móts við mörg sjónarmið.

Ægir saman

Á stundum virðast þeir kaupa til að fjárfesta, önnur verk þurfa þeir að taka upp í skuldir og úti á landi telja þeir sér líkast til skylt að styðja við bakið á þeim listamönnum sem þar búa.

Því ægir öllu saman á veggjum bankanna, atvinnulistamönnum og leikmönnum, snillingum og klaufabárðum.

En þótt þeim séu mislagðar hendur við kaupin virðast bankamenn sammála um að það sé gott fyrir banka að kaupa og eiga listaverk.

Listaverk gefa bönkum jákvæða og menningarlega ímynd, þau treysta tengslin bæði við almenning og listamenn (PR) og síðast en ekki síst eru þau augnayndi.

Öðruvísi er tæplega hægt að skilja upplýsingar Búnaðarbankans og Landsbankans um mynddreifingu og myndlistarkynningar þær sem þar eiga sér stað með reglulegu millibili.

Þótt ríkisbankarnir virðist ekki beita sérstökum reglum við val á listaverkum leiðir skýrslan samt í ljós ákveðnar áherslur í kaupunum, bæði hvað varðar bankana í sameiningu og hvern banka út af fyrir sig. Því verður til dæmis ekki á móti mælt að í safni Útvegsbankans voru hlutfallslega fleiri sjávar- og fiskimannamyndir en í hinum bönkunum.

Eiríkur vinsælastur núlifenda

Það er einnegin fróðlegt að komast að því hvaða tíu málarar eru í mestu uppáhaldi hjá íslenskum bankamönnum, sjá meðfylgjandi töflu.

Kjarval er þar á toppnum og skal engan undra en aðrir frumherjar íslenskrar myndlistar eru ekki á meðal tuttugu efstu. Einnig hlýtur að koma á óvart hve mörg verk eftir Snorra Arinbjarnar og Þorvald Skúlason eru í eigu bankanna.

Eiríkur Smith er vinsælastur núlifandi málara en Einar Hákonarson er yngsti maðurinn á þessum lista.

Ef litið er til yngri kynslóðar myndlistarmanna eiga bankarnir mest eftir Tolla eða 5verk.

Bankarnir eiga síðan tvö verk eftir Erró og ekkert eftir Helga Þorgils Friðjónsson eða aðra unga málara sem notið hafa velgengni úti í löndum.

Þótt Landsbankinn eigi stærsta safnið af listaverkum á hann ekki endilega það besta. Sjálfum þykir mér meira til safna Búnaðarbankans og Seðlabankans koma.

Seðlabankinn getur til dæmis státað af mörgum úrvalsverkum eftir Scheving og fleiri nútímaskúlptúrum en nokkur annar banki en Búnaðarbankinn hefur komið sér upp vönduðu safni verka eftir Snorra Arinbjarnar, Þorvald Skúlason og Kristján Davíðsson.

Landsbankinn sker sig aðallega úr fyrir mikið safn Kjarvalsteikninga og svo auðvitað fyrir áðurnefndar „helstu perlur íslenskrar listsköpunar", veggmálverk Jóns Stefánssonar og Kjarvals og steinfellumynd Nínu Tryggvadóttur.


-ai.

Afríkuhátíð

Áfram um Listahátíð. Salif Keita, hljómsveitarstjóri, söngvari og tónskáld frá Malí í Afríku, kemur hingað með 17 manna hóp hljóðfæraleikara og dansara. Keita þessi er af malískum höfðingjaættum og voru forfeður hans um aldaraðir hirðtónlistarmenn konunga í Malí.

En Keita verður ekki eini fulltrúi Afríku á Listahátíð því að nígeríski nóbelsverðlaunahafinn Wole Soyinka hefur goldið jáyrði við að koma á hátíðina til að lesa upp.

Á *blaðamannafundi sagðist* Valgarður Egilsson, formaður Listahátíðar, nokkurn veginn viss um að hafa talað við Soyinka, en hins vegar væri símasamband við Nigeríu mjög vont, svo það er aldrei að vita...



Valgarður Egilsson með dagskrá Listahátíðar

Afríkublús

Áfram með Afríku. Ási í Gramminu hefur ákveðið að taka út forskot á Afríkudagskrá Listahátíðar með því að fá hingað annan þekktan tónlistarmann úr þvísa álfu, Ali Farke Toure, til að spila í Reykjavík nú um páskana.

Ási segir að Toure muni verða hér við annan mann og syngja nokkurs konar Afríkublús. „Þetta eru síðustu forvöð að sjá manninn á tónleikum áður en hann verður heimsfrægur og óaðgengilegur," segir Ási. Þá vitum við það.

Haystack-styrkjum úthlutað

Nýlega var gengið frá úthlutun svokallaðra Haystack-styrkja en þeir eru veittir íslensku listiðnaðarfólki til námsdvalar við listaskóla í Maine-fylki í Bandaríkjunum.

Styrkirnir eru veittir úr sjóði sem kenndur er við Pamelu Brement, fyrrverandi sendiherrafrú Bandaríkjanna, og hafa tíu Íslendingar þegar orðið þeirra aðnjótandi.

Í þetta sinn sóttu 45 manns um þá tvo styrki sem um var að ræða og ákvað dómnefnd að veita þá Hilmari Einarssyni gullsmið, sem hyggst kynna sér málmsteypu, og Sigurborgu Stefánsdóttur bókahönnuði, sem sækja mun námskeið í gerð bóklistaverka.

Íslensk menning í Vínarborg

Í síðustu viku var sagt frá þátttöku Ingibjargar Styrgerðar Haraldsdóttur í samsýningu í Vínarborg. Gleymdist að geta þess að með henni á sýningunni eru Kristján „allsstaðar" Guðmundsson, Svava Björnsdóttir, Helgi Þorgils Friðjónsson og Brynhildur Þorgeirsdóttir.

Sýningin er haldin í Kulturhaus Favoriten en það er ein stærsta menningarmiðstöð Vínarbúa.

Í tengslum við sýninguna var boðið upp á íslenskan mat, tónleika og kynningu á Íslandsferðum.